

Mál nr. 95/2013**M****og****Vátryggingafélag v/A og B****Árekstur á gatnamótum Eskihlíðar og Mjóuhlíðar 06.02. 2013.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 06.03. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 10.03. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Áreksturinn varð á gatnamótum Eskihlíðar og Mjóuhlíðar. Ökumaður B kveðst hafa ekið í beygju af Eskihlíð inn Mjóuhlíð og þá hafi bifreiðinni A verið bakkað úr stæði. Ökumaður B kveðst þá hafa hemlað en bifreiðin runnið í mikilli hálku og árekstur varð. Ökumaður A kveðst hafa verið að rétta bifreiðina af þegar bifreiðinni B var ekið á bifreið hennar.

Vátryggingafélagið telur að ökumaður A beri alla sök enda hafi hún bakkað úr stæði þar sem hún var að lagfæra bifreiðina og farið í veg fyrir B.

Tjónanefnd vátryggingafélaganna lagði alla sök á A sem hafi bakkað í veg fyrir B.

Vegna málskotsins liggur fyrir frásögn ökumanns B þess efnis að hann kveðst hafa verið að fara að beygja inn Mjóuhlíð þegar ökumaður A bakkar í veg fyrir B. Hann hafi flautað en runnið til í hálku á vinstri hlið A.

Óþarft er að geta umfjöllunar M (A) í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að bakka bifreið sinni í veg fyrir B.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 23. apríl 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.